

# Markmiðum í rekstri náð

Skýrsla forstjóra 2020

Formaður stjórnar dró upp skýra mynd af stóru viðfangsefnunum, góðum tíðindum um breytt reikningsskil og framtíðarsýn Hörpu. Ég mun nú fylgja því eftir með yfirferð um ársreikninginn og fjalla einnig nánar um nokkra helstu lykilþætti starfseminnar á liðnu ári.

Ársreikningurinn sem liggur hér frammi til samþykktar inniber samstæðuna Hörpu ohf. þ.e. móðurfélagið Hörpu og dótturfélögin Þrjú sem eru Greiðslumiðlunin Hringur ehf. sem er í 100% eigu Hörpu og er tilgangur þess félags að taka á móti óskilyrtu framlagi eigenda, þ.e. íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar vegna byggingar og fjármögnunar á húsi og búnaði og greiða



afborganir og vexti af skuldabréfaflokknum HARP 46 0217. Hin félögin eru Rekstrarfélagið Stæði slhf. sem sér um rekstur á bílastæðahúsi Hörpu og er 77,1% í eigu Hörpu á móti 22,9% hlutdeild eignasjóðs Reykjavíkurborgar og loks Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf. sem sér um skipulagningu viðburða á vegum hússins og er að fullu í eigu Hörpu.

Líkt og komið hefur fram þýða breytt reikningsskil breytingar á nokkrum grundvallarþáttum og að samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2018 hefur verið breytt í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur líkt og kemur fram í skýringu 17. í ársreikningi.

Ég vil vekja athygli á að áritun endurskoðenda er fyrirvaralaus en með ábendingu sem er varðar atburði eftir lok reikningsskiladags.

Stjórnendur samstæðunnar hafa þegar farið í aðgerðir til að bregðast við áhrifum COVID-19 sem felast í því að draga saman rekstrarkostnað eins og hægt er og leggja allt kapp á að lágmarka tekjumissi með því færa þá viðburði, sem ekki hefur verið hægt að halda á vormánuðum, yfir á haustið 2020. Fyrir liggur að höggið verður þungt en þó hefur náðst umtalsverður árangur í endurbókun viðburða innan ársins og alþjóðlegra viðburða inn á næsta ár. Harpa mun jafnframt nýta öll þau úrræði sem stjórnvöld bjóða upp á fyrir atvinnulífið í tengslum við þessar ófyrirséðu og erfiðu aðstæður.



Í ljósi þessa er það mat stjórnenda Hörpu að þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í, aðgerðir stjórnvalda, framlög frá eigendum og handbært fé á bankareikningum samstæðunnar dugi til að samstæðan geti staðið undir skuldbindingum sínum á komandi misserum. Það er því mat stjórnenda að samstæðan sé rekstrarhæf og er samstæðuársreikningurinn lagður fram á þeim grundvelli. Nánar er fjallað um þetta efni í skýringu 13 í ársreikningi.

### Rekstrarreikningur

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var 33,6 milljónir króna árið 2019, samanborið við 42,2 milljónir króna árið 2018. Það markmið náðist því þriðja árið í röð að skila hagnaði fyrir fjármagnsliði og skatta.

Tekjur af starfsemi samstæðunnar námu 1.209,6 milljónum króna og hækkuðu á milli ára þrátt fyrir færri viðburði. Umbætur í kjarnastarfsemi skila bættri framlegð, tekjur af viðburðahaldi jukust og kostnaður, bæði laun og aðkeypt þjónusta vegna viðburða, jókst hlutfallslega minna.

Rekstrarframlag frá eigendum nam 450 milljónum króna og námu rekstrartekjur því alls 1.659,6 milljónum króna. Þetta er hækkun á milli ára um 87,7 milljónir króna eða 5,6%. Eigendur Hörpu hafa lagt félaginu til aukin framlög frá 2017 og eru þau að námunda betur þá stærð sem neikvæð EBITDA samstæðunnar hefur verið frá upphafi, mest megnis vegna mikils kostnaðar tengdum fasteigninni, en einnig vegna minni framlegðar af útleigu en lagt var upp með áður en rekstur Hörpu hófst.

### Gjöld

Rekstrargjöld Hörpu námu alls 1.626 milljónir króna og hækkuðu um 96,3 milljónir króna eða um 6,3%.

Húsnæðiskostnaður vóg þyngst í gjöldum og var alls 654,2 milljónir króna og hækkaði um 58,6 milljónir króna eða tæp 10% á milli ára. Þar af nam hækkun fasteignagjalda 40,5 milljónum króna eða 15% og námu fasteignagjöld ársins 307,6 milljónum króna.

Laun og launatengd gjöld voru 523,7 milljónir króna. Áhrif kjarasamninga og leiðrétting á tímabundinni fækkun stöðugilda síðastliðin ár leiddu til 9,5% hækkunar launakostnaðar milli ára.

Hjá samstæðunni voru 114 starfsmenn á launaskrá á árinu 2019 og er það fjölgun um 3 starfsmenn frá árinu 2018. Stöðugildum fjölgaði jafn mikið eða úr 44 í 47 á milli ára, en hafði tímabundið fækkað úr 53 frá árinu 2016. Fastráðnir starfsmenn skiptust í 18 konur og 20 karla og starfsfólk í hlutastarfi í 37 konur og 21 karl.

Aðkeypt þjónusta dróst saman um 34,9 milljónir króna eða tæp 12% og nam alls 267,4 milljónum króna en annar rekstrarkostnaður nam 180,2 milljónum króna.

Vegna hækkunar afskrifta í ljósi þeirrar ákvörðunar sem tekin er að ósk eigenda Hörpu - að afskrifa fasteignina á 50 árum í stað 100, og einskiptis færslu á virðisrýrnun fasteignarinnar að fjárhæð 7.1 milljarða króna, sem þegar hefur verið gerð grein fyrir í ræðu formanns, varð tap að fjárhæð 5.9



milljarðar króna af heildarstarfsemi samstæðunnar á árinu, samanborið við 198 milljóna króna tap árið 2018.

### Efnahagur

Breyttu reikningsskilin birtast svo einnig í efnahagsreikningi þar sem fasteignin er færð niður í rúma 9.3 milljarða úr 16.6 í samræmi við þá aðferðafræði sem þegar hefur verið lýst.

Langtímafjáreign sem er samningur Hörpu við eigendur sína um endurgreiðslu stofnkostnaðar nemur 19.7 milljörðum króna er hér færð í samræmi við breytt reikningsskil. Með veltufjármunum nema eignir samstæðunnar því samtals 32.8 milljörðum króna.

Eigið fé samstæðunnar nam rúmum 10.7 milljörðum króna í árslok 2019 en hefði verið neikvætt um rúmar 800 milljónir króna að óbreyttu.

Skuldir námu 22 milljörðum þar af 19.3 milljarðar vegna skuldabréfsins sem tengist endurfjármögnun á stofnkostnaði og 1.4 milljarðar í tekjuskattsskuldbindingu. Ég bendi á skýringu 12 þar sem ítarlega er gerð grein fyrir tekjuskattsskuldbindingu og tekjuskattsinneign samstæðunnar og þeim áhrifum sem breytt reikningsskil hafa í för með sér. Yfirfæranlegt tap samstæðunnar nam í árslok um 7.7 milljörðum og er nýtanlegt á árunum 2020 til 2029.

Aðrir liðir skuldamegin eru svo afborgun næsta árs af langtímaskuldum, óuppgerð miðasala vegna viðburða að fjárhæð 396 milljónir og tæpar 350 milljónir í viðskiptaskuldir.

### **Eigið fé og skuldir námu samtals tæpum 32.8 milljörðum króna.**

Varðandi sjóðsteymi þá hafa fæstir liðir áhrif á fjárstreymi og handbært fé frá rekstri 202 milljónir.

Staðan í árslok er ásættanleg - en handbært fé nam 770 milljónum króna og hækkar frá fyrra ári.

Við höfum á aðalfundi birt yfirlit um skattspor Hörpu sem var í fyrra alls 595 milljónir króna og samanstendur af sköttum sem Harpa greiðir og innheimtir. 54% renna til sveitarfélags og 46% til ríkis. Langstærsti einstaki liðurinn eru fasteignagjöldin og virðisaukaskattur vegur næst þyngst.

### Starfsemin

Þrátt fyrir margvíslegar áskoranir í rekstrinum er starfsemin í Hörpu kraftmikil og fjölbreytt. Húsið var opið frá morgni til miðnættis 364 daga á ári og var fjölsótt eins og Ingibjörg nefndi. Ég ætla hér í lokin að bregða upp nokkrum myndum sem sýna samsetningu þessara rúmlega 1.300 viðburða sem haldnir voru á liðnu ári því það er gaman að rýna í þessar tölur – ekki síst í samhengi við það hlutverk sem Harpa var byggð til að uppfylla – eða að vera „heimavöllur íslensks tónlistarlífs og heimssvið fyrir alþjóðlega strauma“ eins og segir í stefnumótun Hörpu.

Tónleikar og listviðburðir án viðburða fyrir ferðamenn töldu 425. Svokallaðir MICE viðburðir eða ráðstefnur, fundir, veislur og tengdir viðburðir voru 411 talsins og hefur velta þessa viðburðaflokks aldrei verið hærri. Þar af voru 28 alþjóðlegar ráðstefnur og hafa aldrei verið fleiri. Listviðburðum fyrir



ferðamenn fjölgaði á milli ára og Sinfóníuhljómsveit Íslands var með 108 viðburði á síðasta ári og er lang stærsti einstaki viðburðahaldarinn í húsinu. Íslenska óperan, sem einnig á sitt fasta aðsetur í Hörpu, var með 16 viðburði.

Skiptingin tónlistarviðburða sést hér og er þar sígild og samtímatónlist með 37% hlut og Sinfóníuhljómsveit Íslands með næst stærstu sneiðina eða 22%. Samanlagt því tæp 60% af viðburðahaldi og hækkaði þetta hlutfall á milli ára. Popp og rokk reyndist vera 13% og jazzinn 10%. Samstarfið við þá fjölmörgu listamenn og tónleikahaldara sem að baki viðburðunum standa hefur verið gjöfult og þakkarvert að Harpa sé vettvangur þessarar ótrúlegu fjölbreytni og gæða á sviði tónlistar.

Við erum svo sérstaklega stolt af því að viðburðir fyrir börn og fjölskyldur voru alls 144 og tvöfölduðust þeir á milli ára.

Harpa er einnig ráðstefnuhús á heimsæmlikvarða og Harpa er húsið sem þjóðin vill koma í til að fagna mikilvægum áföngum í lífinu.

Myndin af ráðstefnusviði sýnir að fundir telja um helming viðburða, veislur rúman fjórðung en ráðstefnur aðeins 15%. Þess ber að geta að þótt hlutfall ráðstefna sé ekki hærra taka þær yfir fleiri en einn dag og þær stærstu jafnvel allt húsið. Umfangið er því mun meira en þessi hlutfallstala um fjölda viðburða kann að gefa til kynna.

Sýningar á sérstakri kynningarmynd um Ísland í EXPO skálanum voru fjölmargar á árinu enda skálinn opinn alla daga. Sérstakar kynningarferðir um húsið fyrir hópa, sem teljast inni í heildarfjölda viðburða voru 186. En fyrir utan þetta voru farnar um 800 almennar leiðsagnir um Hörpu.

Harpa stóð fyrir eigin viðburðum og samstarfsverkefnum í gegnum dótturfélag sitt Hörpustrengi þar sem helst má telja Eldborgartónleika fiðlusnillingsins Joshua Bell og píanóleikarans Alessio Bax og Svanavatnið í flutningi St. Petersburg Festival Ballet. Að auki studdi Harpa með einum eða öðrum hætti við fjölmörg barnamenningarverkefni, tónlistarviðburði og samfélagsleg verkefni í samræmi við áherslur í eigendastefnu og stefnumótun félagsins.

### Harpa - ávallt á heimsæmlikvarða

Eins og sést glöggst á ársreikningi 2019 lagði starfsfólk Hörpu sig fram um að bæta kjarnarekstur félagsins og sinna af trúmennsku því hlutverki sem Harpa þjónar og formaður stjórnar fór yfir hér áðan. Með þetta að leiðarljósi höldum við áfram að ná sýnilegum árangri.

Árinu 2019 lauk með eindregnum áformum um alþjóðlega sókn, framkvæmd nýrrar dagskrárstefnu og önnur umbótaverkefni til að raungera áherslur stefnumótunarinnar *Harpa – ávallt á heimsæmlikvarða*. Áður en fyrsti ársfjórðungurinn af 2020 var liðinn varð ljóst að skipta þyrfti algjörlega um gír og beita öllum tiltækum ráðum til að minnka skaðann sem Covid-19 hefur þegar haft á starfsemi og rekstur Hörpu og mun fyrirsjáanlega hafa áfram á næstu misserum.



Í því verkefni standa stjórn og starfsfólk algjörlega saman. Við hlökkum til að nýta til fullnustu þau tækifæri sem felast í breyttum aðstæðum, uppbyggingu miðborgarinnar í kringum Hörpu og þeim velvilja sem húsið nýtur meðal eigenda sinna – landsmanna allra - til áframhaldandi góðra verka.

Reykjavík 19. júní 2020

Svanhildur Konráðsdóttir  
forstjóri Hörpu